



Jafnlaunastefna

sýslumannsins á Suðurlandi

Jafnlaunastefna

Jafnlaunastjórnunarkerfi embættis sýslumannsins á Suðurlandi kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja öllu starfsfólki sömu réttindi varðandi launajafnrétti sem kveðið er á um í lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Laun skulu greidd eftir eðli starfa og taka mið af þeim kröfum sem þau gera. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við gildandi kjar- og stofnanasamninga, studdar rökum og tryggi að allt starfsfólk fái jöfn laun og sömu kjör fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf óháð kyni.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu sýslumannsins á Suðurlandi skuldbindur embættið sig til að:

- Innleiða jafnlaunastjórnunarkerfi sem byggist á staðlinum ÍST 85, það skjalfest og því viðhaldið með eftirliti, viðbrögðum og stöðugum umbótum.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist óútskýrður kynbundinn launamunur. Kynna skal fyrir starfsfólki niðurstöður launagreiningar sem er til úttekta nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Bregðast við ef kröfur staðalsins eru ekki uppfylltar þ. á m. óútskýrðum kynbundnum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma innri úttekt á öllum útgefnum skjölum sem tilheyra jafnlaunastjórnunarkerfi eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- Framkvæma rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega að þeim sé hlítt.
- Kynna jafnlaunastefnu árlega fyrir starfsfólki og skal hún vera aðgengileg á innri og ytri vef.

Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna. Fjármálastjóri er fulltrúi jafnlaunastjórnunarkerfis og skal starfsfólk leita til hans með athugasemdir eða fyrirspurnir.

Útgáfa 4.0 af jafnlaunastefnu þessari var gefin út þann 14. október 2024.